

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss haldinn í félagsheimilinu Tíbrá fimmtudaginn 22. mars 2018.

Fundargerð

1. Formaður félagsins Guðmundur Kr. Jónsson setti fundinn kl. 20:00 og bauð fundarmenn og gesti velkomna. Að því loknu minnst hann látins félag, Guðna Christian Andreasen silfurmerkjahafa Umf. Selfoss.
2. Fundarstjóri var kosinn Guðmundur Kr. Ingvarsson og Gissur Jónsson til vara.
3. Fundarritarar voru kosnir Viktor S. Pálsson og Svanur Ingvarsson.
4. Í kjörbréfanefnd voru kosin Sveinbjörn Másson, Dagrún Ingvarsdóttir og Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar var lögð fram og samþykkt samhljóða.
6. Formaður flutti ársskýrslu félagsins fyrir árið 2017 sem birt hefur verið í ársriti félagsins – Braga. Þakkaði hann ritnefnd Braga fyrir góð störf. Formaðurinn bar kveðjur frá Herði S. Óskarssyni, heiðursfélagi Umf. Selfoss og stjórn Héraðssambandsins Skarphéðins. Formaðurinn gerði grein fyrir stærð og fjölbreytileika félagsins, 4.500 félagar og 1.500 iðkendur, og öflugri þjónustu og starfsemi í þjónustumiðstöðinni í Tíbrá. Þakkaði hann starfsmönnum þolinmæðina við sig. Hann greindi frá gróskumiklu starfi innan félagsins, þ.m.t. góðum árangri handknattleiksliðs félagsins á síðustu dögum. Formaður þakkaði gott samstarf við Sveitarfélagið Árborg. Fór hann yfir helstu afrek og sagði aðstæður á félagssvæðinu almennt til fyrirmyndar, en hins vegar væru komnar fram stórar hugmyndir um frekari uppbyggingu á íþróttamannvirkjum sem vonandi kæmu til framkvæmda á næstu árum. Hann greindi frá vilja félagsins til að taka yfir rekstur fleiri íþróttamannvirkja og taldi að slíkt gæti styrkt starfið. Þá fór hann fram á að keppnisaðstaða fyrir handknattleiksdeildina yrði bætt og hið sama gilti um aðstæður fyrir fimleikadeildina. Jafnframt þyrfti að bæta aðstæður fyrir knattspyrnu- og frjálsíþróttadeildina þannig að hægt yrði að stunda æfingar yfir veturinn við betri aðstæður. Batt hann von við að forráðamenn félagsins og bæjaryfirvöld myndu setjast niður á næstu vikum til að móta framtíðarstefnu fyrir félagið og hvernig mætti styðja við uppbyggingu þess. Slík stefnumótun væri orðin mjög aðkallandi og að ekki mætti bíða lengur með slíkt. Formaðurinn ítrekaði að stuðningur sveitarfélagsins væri nauðsynlegur til að auka og bæta starfsemi félagsins. Að lokum þakkaði hann öllu afreksfólki sem keppti fyrir hönd félagsins á árinu. Jafnframt þakkaði hann öllum þeim ótal sjálfboðaliðum og „þögula sjálfboðaliðanum“, sem lögðu hönd á plóg innan deildanna og öllum þeim öflugum fyrirtækjum sem styrkt hefðu starfsemina á liðnum árum.
7. Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss, fór yfir helstu tölur í ársreikningi félagsins. Nefndi hann sem dæmi að fá fyrirtæki á Selfossi væru með hærri rekstrartölur.

8. Sveinbjörn Másson lagði fram álit kjörbréfanefndar og fór yfir mætingu fulltrúa á aðalfund. Mættir voru 49 af þeim 53 fulltrúum sem áttu rétt til setu á fundinum. Tvo fulltrúa vantaði frá lyftingadeild, einn frá júdódeild og einn frá framkvæmdastjórn.
9. Umræður um skýrslu formanns og ársreikninga félagsins. Reikningar félagsins voru lagðir fram og voru þeir samþykktir samhljóða.
10. Ávörp gesta.

Fyrst tók til máls Kjartan Björnsson, formaður íþrótt- og menningarnefndar Árborgar, þakkaði hann gott og jákvætt samstarf á síðasta starfsári. Þakkaði sérstaklega Mumma, fráfarandi formanni, sem og fyrir boð á aðalfundi deildanna. Bar hann fundinum kveðju frá Birni Inga Gíslasyni, heiðursfélaga Umf. Selfoss. Þakkaði hann fyrir hið góða starf sem unnið er innan félagsins og að vilji væri til að styðja vel við félagið eins og kostur væri. Árangurinn væri eftirtektarverður og fólk taki eftir því á landsvísu. Fjölbreytni í starfinu væri mikil og íþróttir í boði fyrir alla. Kjartan fór yfir helstu framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á næstu misserum, nýtt knattús og flutning á starfsemi handknattleiksdeildarinnar á nýjan stað, sem og að bæta þyrfti aðstöðu fimleikadeildarinnar. Lýsti hann sérstakri ánægju með útgáfu Braga, ársriti Umf. Selfoss.

11. Formaður félagsins gerði grein fyrir tillögum sem lágu fyrir fundinn.

Tillaga 1

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 22. mars 2018, þakkar

- þeim sem stutt hafa starf félagsins á árinu meðal annars með þátttöku í starfinu og setu í stjórnun, ráðum og nefndum.
- stuðningsaðilum, fyrirtækjum, hjálfurum, iðkendum, foreldrum og öðrum sem unnið hafa að framgangi félagsins.
- Sveitarfélaginu Árborg fyrir veittan stuðning við starfsemi félagsins.

Tillaga 2

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 22. mars 2018, samþykkir að árgjald félagsins fyrir árið 2018 verði kr. 3.000. Skráning í félagið skal vera aðgengileg í gegnum vefsíðu Umf. Selfoss.

Tillaga 3

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 22. mars 2018, fagnar þeim áfanga sem náðist með undirritun á nýjum fimm ára þjónustusamningi við Sveitarfélagið Árborg. Með samningnum er styrkum fótum skotið undir metnaðarfullt starf Umf. Selfoss. Sem fyrr er ljóst að rekstur meistaraflokka á Selfossi er afar viðkvæmur og því mikilvægt að sveitarfélagið í samvinnu við ungmennafélagið móti skýra framtíðarsýn um vöxt og viðgang meistaraflokka þar sem brugðið getur til beggja vona á stuttum tíma ef ekki er tryggt fjármagn til grunnreksturs.

Tillaga 4

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 22. mars 2018, skorar á ÍSÍ og UMFÍ að koma á fót fagráði og umboðsmanni iðkenda eða sambærilegu embætti til að hugsa um hag íþróttafólks, þarfir þeirra, réttindi o.fl.

Greinargerð:

Í framhaldi af umræðu í kringum svokallaða #metoo byltingu, hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að skerpa enn frekar á verkferlum hvað varðar ýmislegt sem upp getur komið varðandi samskipti iðkenda við þjálfara, aðra iðkendur og starfsmenn hreyfingarinnar. Þrátt fyrir gott forvarnarstarf og útgáfu fræðsluefnis, innan íþróttahreyfingarinnar, hefur það sýnt sig að undanförunu að það er ekki nóg. Þess vegna er nauðsynlegt að fram fari heildar endurskoðun á þessum málum og skýrar reglur og verkferlar verði til í framhaldi af því. ÍSÍ og UMFÍ eru forystuafl íþróttahreyfingarinnar og réttast er að vinna þessi mál þaðan og niður á við í hreyfinguna. Það að hver og einn sé að vinna þetta í sínu horni, verður aldrei markvisst. Í mörgum minni félögum getur verið vandasamt að taka á málum þar sem nálægð, frændskapur og vinskapur er mikill. Því er nauðsynlegt að hægt sé að fara með svona mál til hlutlausra aðila til skoðunar og úrvinnslu.

12. Verðlaunaafhending.

Formaður og framkvæmdastjóri afhentu eftirfarandi viðurkenningar:

- Guðrún Tryggvadóttir fékk afhentan Björns Blöndals bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins. Hún hefur verið virk í starfi Umf. Selfoss í áratugi, aðallega sem foreldri í starfi fimleikadeildar og frjálsíþróttadeildar. Ávallt tilbúin að aðstoða á mótum og öðrum verkefnum. Einnig verið virk á bak við tjöldin í fjáröflunarverkefnum og við skipulagningu æfinga- og keppnisferða hjá félaginu.
- Handknattleiksdeild Umf. Selfoss fékk afhentan UMFÍ bikarinn sem deild ársins fyrir öflugt starf og góðan árangur á Íslandsmótum.

Þá veitti formaður Marteini Sigurgeirssyni gullmerki fyrir góð störf fyrir félagið.

Kaffihlé var tekið klukkan 21:12. Það stóð í hálf tíma.

13. Umræður og afgreiðsla tillagna.

Tillögur sem lágu fyrir fundinn voru samþykktar samhljóða.

14. Lagabreytingar.

Eftirfarandi lagabreytingar lágu fyrir fundinn:

1. Lagt til að 2. mgr. 10. gr. hljóði með eftirfarandi hætti:

„Komi fram skrifleg umsókn um stofnun nýrrar deildar innan félagsins, skal erindið sent til afgreiðslu aðalstjórnar sem ræður niðurstöðu umsóknar.“

Skv. nógildandi lögum er 10. gr. svohljóðandi:

10. grein.

Deildir skulu standa fyrir iðkun og eftir atvikum æfingum og keppni í viðurkenndum íþróttagreinum skv. skilgreiningu ÍSÍ eða annarri starfsemi sem samrýmist markmiðum íþróttar og ungmennafélaganna. Framkvæmdastjórn skal halda sérstaka skrá yfir þær deildir sem starfandi eru innan félagsins hverju sinni. Skráin skal staðfest á aðalfundi.

Komi fram skrifleg umsókn frá a.m.k. 20 sjálfráða einstaklingum um stofnun nýrrar deildar innan félagsins, skal aðalstjórn félagsins taka afstöðu til þess hvort

standa skuli fyrir stofnfundi nýrrar deildar samkvæmt 13. gr. laga félagsins og leggja síðan fyrir næsta aðalfund félagsins til samþykktar. Aðalstjórn getur þó veitt nýrri deild bráðabirgðaraðild fram að næsta aðalfundi.

2. Lagt til að í 15. grein er fjallar um aðalfund félagsins falli út eftirfarandi hluti setningar undir 12. dagskrárlið aðalfundar:

„og lýst kjöri íþróttakarls og íþróttakonu Umf. Selfoss“

Framlagðar breytingar voru samþykktar samhljóða.

15. Gissur Jónsson lagði fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar fyrir árið 2018 til samþykktar og deilda til staðfestingar. Fjárhagsáætlanir deilda fyrir árið 2018 hafa þegar verið samþykktar á aðalfundum deildanna og voru þær staðfestar á fundinum.

Fjárhagsáætlun aðalstjórnar var samþykkt samhljóða.

16. Árgjöld félagsins og deilda.
Afgreiðsla um árgjöld félagsins og deilda var afgreidd fyrr á fundinum undir dagskráliðnum „afgreiðsla tillagna“.

17. Stjórnarkjör.

Eftirfarandi tillaga um skipan stjórnar var samþykkt samhljóða:

Formaður: Viktor Stefán Pálsson.

Gjaldkeri: Hjalti Þorvarðarson.

Ritari: Dýrfinna Sigurjónsdóttir.

Meðstjórnendur: Sigrún Hreiðarsdóttir og Sverrir Einarsson.

Eftirfarandi tillaga um tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara var samþykkt samhljóða:

Kristín Traustadóttir og Sigrún Helga Einarsdóttir.

Til vara: Snorri Sigurfinnsson og Ólafur Ragnarsson.

Eftirfarandi tillaga um skipan jólasveina- og þrettándanefndar var samþykkt samhljóða:

Svanur Ingvarsson, Þröstur Ingvarsson, Guðmundur Kr. Ingvarsson og Þórarinn Ingólfsson.

18. Önnur mál.

Þórir Haraldsson, formaður handknattleiksdeildar, tók til máls. Óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju. Sagði frá því að stjórn deildarinnar hefði rétt í þessu kært leik Fram gegn ÍBV, þar sem átta leikmenn ÍBV hefðu verið inni á velli samþímis. Þetta væri „prinsipsmál“. Hann vakti athygli á því að 50 manns sætu aðalfundinn, það væri sjaldgæft og í því fölginn mikill auður. Þá sagði hann frá flutningi starfseminnar úr Sólvallaskóla yfir í Iðu, flytja þyrfti sálina með. Þakkaði hann að lokum stuðninginn á leikjum bikarkeppninnar hvar liðið komst í undanúrslit og óskaði jafnframt eftir góðum stuðningi í úrslitakeppninni sem framundan er.

Nýkjörinn formaður félagsins, Viktor Stefán Pálsson, tók til máls og þakkaði traustið. Hann færði Mumma blóm og þakkaði einnig Jóhanni Konráðssyni, fráfarandi stjórnarmanni, gott starf. Nýkjörnum konum, Dýrfinnu og Sigrínu, þakkaði hann fyrir að gefa kost á sér í stjórnina. Viktor sagði frá því að hann hefði flutt hingað fyrir tólf árum og starfað hér síðan. Hann hefði verið ritari stjórnar félagsins í sex ár og hlakkaði til komandi verkefna. Sagði félagið standa vel að öllu leiti, bæði félagslega og fjárhagslega og bæri hróður bæjarfélagsins um allt land. Það þyrfti samstarf um uppbyggingu og bæta þyrfti við íþróttastöðuna á Selfossi fyrir Unglingalandsmótið 2020, sem haldið verður hér á Selfossi. Að lokum áréttaði hann tilhlökkun sína til samstarfs.

Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins, tók til máls. Ræddi um að sameina sýsluna og starfið væri ekki sjálfgefið. Að fimm ára tímamótasamningur við bæjarfélagið væri mikil innspýting í barna- og unglíngastarfið. Greindi frá því að 2013 hefði verið aukið við starfsemina með styrk til reksturs starfsmanna deilda og 2017 hefði verið bætt enn í. Framundan væri að tryggja rekstur meistaraflokka, þyrfti að bæta því inn í þjónustusamning við sveitarfélagið. Gissur þakkaði fráfarandi stjórn sem og nýkjörinni. Þá þakkaði hann Mumma alla hans vinnu, „þvílík reynsla og lærdómur að vinna með honum“ óskaði eftir klappi fyrir honum.

Síðast tók til máls Guðmundur Kr. Jónsson. Óskaði hann nýkjörinni stjórn til hamingju og velgengni, hún væri vel mönnuð. Þá þakkaði hann fráfarandi stjórn fyrir góð störf og einnig Kjartani Björnssyni. Sagði að framtíðin væri björt og félagið muni eiga nokkra þátttakendur á Ólympíuleikunum í Tokyo 2020. Þá lýsti hann því yfir að Umf. Selfoss ætti að taka að sér forystuhlutverk í Árnassýslu, en styðja um leið við starfsemi annarra félaga á svæðinu. Verandi heiðursformaður HSK ætli hann að starfa áfram og afhenti Viktori lykilinn að Tíbrá. Að lokum þakkaði hann félagsmönnum samstarfið á liðnum árum.

Fundi slitið af fundarstjóra kl. 22:27.

Viktor Stefán Pálsson
Svanur Ingvarsson